

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2014 - 2015

Góðir aðalfundargestir, ég býð ykkur velkomin á 15 aðalfund FENÚR.

Verkaskipting stjórnar eftir síðasta aðalfund er eftirfarandi:

Formaður er Hafsteinn H. Gunnarsson

Varaformaður er Eiður Guðmundsson

Gjaldkeri er Helgi Lárusson

Ritari er Ásmundur Einarsson

Meðstjórnandi er Ingbór Guðmundsson

Varamenn eru þau Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Bryndís Skúladóttir

Helstu verkefni

Stjórnin hélt 7 formlega fundi á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðir á fundina. Meðal heðfbundinna verkefna stjórnar var undirbúningur haustráðstefnu, sem var að þessu sinni haldin í Stapanum í Reykjanesbæ, undirbúningur aðalfundar og ráðstefnu í kjölfarið, fyrirkomulag merkjamála auk endurskoðunar og endurnýjunar á þjónustusamningi við Sorpu. Ekki tókst að blása lífi í Fenúr fréttir eða heimasíðu og eru það verkefni sem bíða nýrrar stjórnar.

FENÚR átti sæti í samráðshópi Umhverfisstofnunar vegna alþjóðlegrar ráðstefnu um plast í hafi sem haldin var í september. Áfram var tekið þátt í samráðshópi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um úrgangsmál og hefur verið fundað þrisvar. Miðað við fyrri reynslu má búast við að það verkefni lognist út af fljótlega.

Hugmyndir eru um FENÚR sýningu haustið 2017 þar sem yrði sýnt og sagt frá úrgangi frá ýmsum hlíðum. Þessi hugmynd er enn á vinnslustigi og verður vonandi framkvæmd með þátttöku FENÚR félaga og annarra.

Aðalfundarráðstefna 2014 „Minni sóun – Aukin endurvinnsla - Umhverfisvitund“

Síðasti aðalfundur var haldinn í safnaðarheimilinum Kirkjuhvoli í Garðabæ og í kjölfar hans var að venju ráðstefna, sem að þessu sinni beindi sjónum að minni sóun, aukinni endurvinnslu og umhverfisvitund. Fundarstjórnin var Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar.

Erla Bil Bjarnadóttir, umhverfisstjóri Garðabæjar, fjallaði um umhverfismál í bænum, Kjartan Ingvarsson frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti fjallaði um breytingar á úrgangslöggjöf, Bjarni G. Hjarðar frá Sorpu fjallaði um næstu skref á höfuðborgarsvæðinu, Bryndís Skúladóttir frá Samtökum iðnaðarins fjallaði um þróun á endurvinnslumarkaði, Agnar Bragi Bragason frá Umhverfisstofnun fjallaði um flutninga á úrgangi og spilliefnumun milli landa, Rannveig Magnúsdóttir frá Landvernd fjallaði um matarsóun og Guðrún Tryggvadóttir fjallaði um endurvinnsluappið.

NAF (Nordisk affaldforening)

Árlegur fundur NAF var haldinn í Malmö og sótti formaður fundinn ásamt Birni H. Halldórssyni. Þar varað venju farið yfir stöðu mála á Norðurlöndum, mögulegar breytingar á samþykktum NAF sem gætu útilokað félagasamtök eins og FENÚR og DAKOFA, en þar hafa sveitarfélög ekki tögl og haldir í stjórnnum. Einnig var farið yfir störf innan Municipal Waste Europe, Cewep, European Compost Network og væntanlegan fund fyrir aðalfund ISWA í Sao Paulo, Brasilíu. Af þeim fundi var þó ekki þegar til kom. Næsti NAF fundur verður á Íslandi og var ákveðin dagsetning á þann fund. Sorpa tók að sér að skipuleggja þann viðburð og verður hann dagana 22-23. júní í Vestmannaeyjum. Björn H. Halldórsson verður sem fyrr fulltrúi FENÚR ásamt formanni og Lúðvík Gústafssyni.

Eins og áður sagði þá var áætluðum NAF fundi í Sao Paulo aflýst en strengir stilltir saman rétt fyrir aðalfund ISWA.

Aðalfundur ISWA og ráðstefna

Allsherjafing (general assembly) ISWA var haldinn í Sao Paulo þann 7. september 2014 þar sem farið var yfir rekstur samtakanna á liðnu ári og framtíðarsýn. Nýr varaforseti var kjörinn, Carlos Silva Filho frá Brasilíu og umsóknir tveggja landa, Makedóníu og Moldavíu, voru samþykktar svo eitthvað sé nefnt. Næsta þing verður 6. september í Antwerpen, Belgíu og verður að tilkynna um þátttöku fyrir 6. júní.

Dagana 8-11. september var síðan þriggja daga ráðstefna að venju. Talsverð áhersla var á málefni Brasilíu og annarra Suður Ameríkúríkja að þessu sinni, eðli máli samkvæmt. Þátttakendur voru 912 frá 64 löndum og voru fluttir 220 fyrirlestrar undir 35 efnisflokkum.

Miðað við kröfur samtakanna á félagi þá er nokkuð ljóst að við hjá FENÚR verðum að taka meiri og virkari þátt í starfsemi, ætlum við okkur að vera þarna áfram á annað borð. Slíkt felst í frekari þátttöku á hinum ýmsu fundum s.s. vinnufundum (workshop) og vinnuhópum sem og minni ráðstefnum.

Hautferð FENÚR á Reykjanesi

Hautferð og ráðstefna FENÚR var að haldin í Rokksafni Íslands 29. október og bar titilinn "Rokkað og flokkað á Reykjanesi". Jón Norðfjörð hafði veg og vanda að skipulagi á staðnum og eru honum færðar sérstakar þakkir fyrir.

Helgi Þór Ingason kynnti Alur álvinnslu, Laufey Helga Guðmundsdóttir fjallaði um nýja löggjöf og úrgangsförvarnir, Erla Ósk Pétursdóttir kynnti Codland, Íris Gunnarsdóttir fór yfir söfnun raf- og rareindatækja, Helga Jóhanna Bjarnadóttir fór yfir líftímagreiningar á úrgangi, Guðlaug Aradóttir kynnti Skinnfisk og Jón Norðfjörð kynnti starfsemi brennslustövarinnar Kólku. Eftir fyrirlestra var farið í heimsókn til ISAVIA og IGS á Keflavíkurflugvelli og brennslustöðin Kalka skoðuð. Að lokum var bátasafn Gríms Karlssonar í Byggðasafninu skoðað og svo haldið til kvöldverðar í Duus kaffi við smábátahöfnina.

Markmið FENÚR

Hafsteinn H. Gunnarsson

Hlutverk stjórnar er, sem fyrr, að vinna að ofangreindum markmiðum og efla starfsemi félagsins. Árangurinn er þó ávallt háður virkri þátttöku félagsmanna, ekki síst á milli helstu atburða, þ.e. haustfundar og aðalfundar. Enn og aftur hvet félagsmenn til að vera virka í félagskapnum, senda inn erindi og hugmyndir til stjórnar og almennt breiða út boðskapinn. Þannig náum við til fólks og þannig náum við árangri.

Að svo mæltu þakka ég stjórn, félagsmönnum og öllum þeim sem hafa lagt okkur lið með erindum, ráðum og umræðum á og milli viðburða félagsins á starfsárinu.

Flutt á aðalfundi FENÚR í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, þann 20. apríl 2015.

F. h. stjórnar FENÚR,
Hafsteinn H. Gunnarsson
formaður stjórnar